


# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



PLATÓN  
( 427 - 347 f Kr. )

"Sé lífssambandið við hina æðri veru ekki eins náð ( og hjá trúarhöfundunum )," segir Helgi Pjeturss "en sjálfstarfið aftur meira, þá koma fram þeir menn sem skapa heimspeki. Má aftur skipta þeim í flokka; eru sumir þeirra skyldir mjög í eðli trúarhöfundunum, eins og Pýþagoras, Platón og á síðari tímum Hegel; en aðrir fjar-skyldari, eins og Demokritos, Aristoteles og Spencer."

Nýall s. 31

En um fræði Platóns segir hann m. a .: "Hin fræga sköpunarsaga í Timaios, sem íslenzkum lesendum mun vera helzt kunn af ritgerð Jónasar um eðli og uppruna jarðarinnar, mun verða miklu frægari þegar menn fara að skilja, hversu vel þar er stefnt í áttina til vísinda. Platón segir að skaparinn hafi sáð sálunum á stjörnurnar ( sem hann í öðrum stöðum nefnir verkfæri tímans ). En þetta mun einmitt mega kalla hina réttu kenningu um uppruna lífsins á himinhnöttunum. Er það líklegast, að lífið sé komið upp fyrst fyrir lífgeislan ( bioradiation ) ; geislandi kraftur hefur fyrst snúið hinu líflausa efni til mjög ófullkominna lífmynda, sem svo þróuðust áfram til að verða fyrir áhrifum frá líkum lifandi verum á öðrum hnöttum og vaxa áleiðis að því að verða hugsandi vera, sem meir og meir gæti fengið þátt í stjörn heimsins. Frumskaparinn sáði sálunum á himinhnettina....."

Nýall s. 48 - 49.

Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Ulfstöðum, Borgarfirði

## HEIMSENDIR

Í dag kemur dauðinn  
og deyðir alla.  
Hann hlífir ei neinum  
jafnt konum og körlum  
ungum og öldnum.  
Enginn mun lifa  
allir munu andast  
enginn sleppur við dauðans kló.

Örlög þessi eru  
afleiðingar þess  
að allir eru illir  
og eigingjarnir með.  
Ísland eitt mun standa  
af sér þessar ógnir.  
Í sæ munu sökkva  
öll önnur lönd.

Gautur, 12 ára (óbreytt).

## VÍGSLA NÆTURINNAR

Húmnæturstilli !  
Heilaga fylling,  
hve höfg er hin guðlega blessun þín.  
Úr fjarri eilífð hún flæðir til mín.

Líf allra vega  
öng sinni neitar  
hins eilífa leitar,  
ljúft og hljóðlega  
sekkur í sjálfgleymi um stund  
seilist í óviti á hamingjufund.

Æ frá stjörnum uppheims veitir  
allífsblessun hingað niður.  
Hvern sem önn og angur þreytir  
endurmagnar hennar friður.  
Himinrögn um húmsins svæði  
hendur rétta, slíkt sem má  
endurflétta ótal þræði  
illraknaða til og frá.

Friedrich Hebbel. (P.J.)



Um margra mánaða skeið hafði ekkert frétt frá Burdlík, og alls ekki náðst samband við hann, enda höfðu sambönd verið framfaralítill fyrri hluta þessa árs. Lífið er svo dauft og vanmegna hér á þessum hnetti og svo varnarlaust hér á þessu landi, að allar tilraunir til að lyfta því hlutu að fjara út um leið og til þeirra væri efnt. Þó vildi svo til eitt kvöld fyrri hluta sumars, að tveir Nýalssinnar komu á tal við okkur Svein Haraldsson og tókst þá að efla fram sterkar Burdlíkshugsanir. Menn voru samhuga, og vissu hvað um var að tefla, og fyrstu merki um afleiðingar létu ekki bíða eftir sér.

Tveim dögum síðar hitti ég niðri í miðbæ, félagar okkar sem ekkert vissi um samtalið, glaðan og fríðan ungan mann, og var hann að koma vestan úr sundlaug, þar sem hann sagði verið hafa margt af ungu fólki. Maðurinn fer að segja mér draum sinn, nóttina áður, og var eins og töluvert niðri fyrir. Hafði honum í draumnum þótt sem hann væri staddur í borg nokkurri, og þótt hann býddi þá borg að einhverju leyti fyrir þá Reykjavík sem hér er, þá var skynjun hans svo skýr í draumnum, að hann sá glögg að þetta var allt önnur borg, sem blasti við honum böðuð í glampanði sól-skini. Sá hann glögg fyrir sér þróun húsagerðar í borginni og ekki alla til bóta, en eitt af eldri húsum í borginni virtist honum skuggalegt. Honum fer nú að vakna ný meðvitund í draumnum, eins og hann viti af sér, og langar hann mjög til að vita hvar í heimi hann sé staddur, (líkt og Helga Pjeturss í draumnum "Á annarri stjörnu"), og hittir hann fyrir fólk og fer að spyrja á hvaða hnetti þetta sé. Honum þykir það svara - og hér fór sögu-maðurinn að láta í ljós undrun sína með það sem hann dreymdi, vegna þess hve ótrúlegt það væri, en ég bað hann þó halda áfram. Fólkið sagði honum að hann væri á jarðstjörnu í Síriusar-sólhverfi. - Ég vil skjóta því inn að þetta getur vel verið nokkurnvegin rétt. Fólkið hefur numið spurninguna og með réttu hugarfari stillt til þess að svar veittist. Enda brá nú svo við að dreymandi fór að heyra raddir fólksins eins og þær voru, á gersamlega ókunnugu tungumáli, sem þó minnti eitthvað á rússnesku. Mér hafði undir-eins dottið Burdlík í hug, þegar félagi okkar fór að segja draum-inn, og lýsingin á tungumálinu styrkti þann grun. Þess er einnig að geta að sama dag "heyrdi" einn af miðlum okkar nafn Burdlíks, dauft að vísu, en þó ótvíræða sambandsheyrn.

Ég fann nú til þess hve nauðsynlegt væri að fá eitthvað stjarnfræðilegt til þess að miða við, hvort draumsambönd væru raunverulega við þessa stjörnu, sem blikar svo bjart á suðurloftinu þegar vetra tekur, ein meðal milljarða sólna í vetrarbrautinni. Einnig þessi von mín hefur að nokkru rætt.

Næst gerðist það að 4. ágúst verður mér gengið herna austur-eftr, þangað sem byggðin verður strjáll, og er að hugsa um örlög jarðlífsins, um sjálfan mig og aðra. Fer mér þá allt í einu að verða mjög bjart fyrir augum, eða með öðrum orðum ég nýt þess sem ég sé, en það var Breiðholts- og Árbæjarhverfi með glampanði



kvöldsól á gluggum og á hæðunum hér í kring. Segir ekki fleira af því, en nokkrum dögum síðar fæ ég draum frá manni, sem dreymdur var einmitt nóttina eftir, þó að í Færeyjum væri, og er eftirtektarvert að þokunni sveipar frá okkur sama kvöldið, hér og þar. Í þessum draumi, sem birtur verður annarsstaðar í blaðinu, var um stjörnuathugun að ræða, og var það tvíburamerkið, Kastor og Pollux sem hann þóttist hafa fyrir augum, Var bilið milli þeirra eins og vera á og Pollux bjartari, en rétt fyrir ofan Pollux var lítil stjarna og þó ekki nákvæmlega þar sem hún á að vera eftir stjörnukorti. Það merkilega er nú að samkvæmt lauslegri athugun er afstaða litlu stjörnuunnar einmitt eftir því sem vera ætti, ekki hér á jörð, heldur séð frá Siríus, með þeirri tilfærslu sem þar af leiðir, og stóráthyglisvert væri þetta ef nákvæmlega rétt reyndist.

ATHS.

Um þetta síðasta þori ég þó ekki að fullyrða, en hafi sýnin verið rétt munuð, þá bendir hún út fyrir sólhverfið. En æskilegt væri að þennan félagar okkar sem er ungur maður með mikinn áhuga á að skilja rétt, dreymdi fleiri slíka drauma. Sérstaklega vil ég biðja þá af félögum okkar sem lagt hafa einhverja stund á stjörnuathugun, að reyna að stilla svo til að hann dreymi að nýju.

P.G.

## "HRADLÍK KRINHJÚ"

Enn gerast draumar tíðir og í þetta sinn var það mig sem dreymdi. Ég hafði vaknað kl. um hálf sjö að morgni þ. 22. ágúst og var að hugsa um hvort ég ætti nokkuð að vera að sofna aftur, en þó fór svo svo að ég hallaði mér og sé ég ekki eftir því þótt sá svefn yrði mér þungur og ekki hressandi. Mér þótti ég taka eftir tveim núverandi ráðherrum á gangi og er þetta allt óljóst en svo var gengið inn um dyr í einhverja byggingu, og mun ég hafa átt þar orðastað við einhverja um leið og ráðherrarnir gengu inn, og var ég fyrst í vafa um hvað ég ætti að gera, en segi svo "Það er bezt ég tali við pilt", og fer á eftir öðrum þeirra, sem mér þótti vera núverandi utanríkisráðherra. Eitthvað óvanalegt fannst mér vera á seyði eða í vændum, og fer ég nú að tala við ráðherrann og bið hann að halda vel á málstað landsins, og þykist þá segja eitthvað á þessa leið. "Það á bara að treysta á hamingju Íslands eins og hún hefur verið allt frá dögum Eggerts Ólafssonar", og þóttist ég mega fullyrða að þá myndi allt ganga vel. Ráðherra vill sýnilega ekki svara þessu illa, en um leið og hann tekur til máls, hverfur missýningin, og sé ég fyrir mér alókunnugan mann, miklu lágvaxnari og dekkri en Emil Jónsson er. Var andlitið allt markað djúpum dráttum sem ekki prýddu það, og virtist mér allt síður en svo glæsilegt við manninn, enda mætti geta þess til að starfið hafi ekki orðið til að fegra hann. En hann var mælskur, og orðin



streymdu fram hvert af öðru, skýrt afmörkuð, og ég heyrði al-  
ökunnugt tungumál, einmitt með þeim einkennum sem fyrri drey-  
m-  
endur hafa lýst, en aðeins tvö orð nam ég svo að ég mundi þau  
þegar ég vaknaði. Mér þótti eitthvert fólk, etv. alþýðufólk, bíða  
ráðherra innar í þessu móttökuherbergi. Sá ég það eins og út-  
undan mér og minnti það einmitt dálítið á Rússa, eða austurbaltneskt  
kyn. Orðin sem ég nam voru "hradlík krinhjú", og er niðurlag  
fyrra orðsins eins og í nafni Burdlíks og gæti verið um mannsnafn  
að ræða, en ekki þarf þó svo að vera.

Þegar ég vaknaði var ég heldur þungur af svefni, og leið ekki  
að sama skapi vel og mér þótti draumurinn fróðlegur, og má vera  
að áhrifin frá ráðherranum hafi ekki verið sem hollust. En tilvinn-  
andi fannst mér þetta til þess að hafa dreymt, og er nú þess að  
óska að samtalið hafi þau áhrif á ráðherrann að tekin verði hin  
betri stefnan, og ættu allir Nýalssinnar að verða samhuga um þá  
ósk. Þessi þjóð á öðrum hnetti sem Burdlík er af, mun vera  
meginlandsþjóð og svara að sumu leyti til Þjóðverja en að sumu  
leyti til Rússa, og þó einnig Íslendinga, enda hefur þar verið gerð  
hin mikla uppgötvun. Burdlík ber langt af öðrum mönnum og hans  
ráði ættu þeir að hlíta. Hann telur það ekki eftir sér að ganga á  
fund þeirra háttsettu, þó að það dragi úr krafti hans í bili og  
byrgi heiðsæi hans, ef það mætti verða til varnar og framgangs.  
Og því betur og skynsamlegar, sem hugsað verður um mál hans  
hér í okkar hópi, því betur mun vegna, jafnt hér sem þar. - Ég  
skal geta þess að stillir að þessum draumi mínum mun hafa verið  
Sigfús Elíasson. Ég heilsaði honum á götu daginn áður, og hann  
fór undireins að tala um ljómann yfir Íslandi. Bjartsýni hans og  
góðvild er mikils virði - hvað sem öllu öðru líður - og eftir-  
breytnisverð. - Við munum losna við herinn og Ísland verða al-  
frjálst land.

Þ. G.

## ORDNÍK, BURDLÍK.

Á tilraunafundi 7. sept. s.l. náðist samband við Burdlíkinga og voru  
þau þá á fundi saman 17 samtímis því sem við vorum sextán.  
Ordník og Burdlík sögðu báðir til sín, og tók ég ekki eftir nafni hins  
fyrirnefnda, en hinsvegar heyrði það nýr félagi, sem aldrei hafði  
heyrt Ordníks nafn, og skildi í fyrstu ekki í þessu. Eftir fund gekk  
hann fram í bókastofu og tók af hendingu fram Félagsblað, frá fyrra  
ári sem hann hafði ekki áður séð, en þar verður þá fyrir honum  
nafn Ordníks. Hinn nýja félagi hefur einmitt dreymt drauma sem  
birtir eru á öðrum stað í þessu blaði og kynnu að fela í sér stjarn-  
fræðilega sönnun á Burdlíkssögum okkar. Kemur þetta því allt vel  
heim og styður hvað annað.

Mikið talaði Burdlík, þótt samband væri stirt og erfitt, um birtu þá  
og framlífskraft sem léki um tilraunir sinna féлага þar á frumlífs-  
jörð, en svo fór hann einnig að tala um birtu yfir okkar stöð, eftir



því sem honum kæmi fyrir sjónir. "Stjarna birtist nú yfir stöð ykkar" sagði hann, og eru það undarleg orð, og þó lík því sem ýmsir skyggnir menn hafa forðum sagt:

Vánar stjarna fló

segir höfundur Sólarljóða, og ennfremur

hátt hon fló

ok hvergi settisk

og er óefað einhver veruleiki í þessu þó að við kunnum hann enn ekki til fulls að skýra.

P.G.

Meðan blaðið bíður prentunar berast enn fregnir af þeim Burdlík-ingum, að þessu sinni fyrir draumsamband, og kemur það fram að Ordník hafi verið dulrænumaður áður en hann snerist í lið með Burdlík, og lá nú við að honum yrði hált á því. Því að í þessum draumi, þ.e. á meðan hann varð draumgjafi félaga okkar, varð Ordník skyggn og ekki á sem skemmtilegastan hátt, var það mjög óþokkalegur hópur sem leitaði sambands við hann og ísmeygilegur fyrirliðinn. Sérstaklega var þeim lítið um það getið að hann leitaði skilnings á eðli fyrirbæranna og reyndu þeir hvað eftir annað að snúa huga hans frá því. En þar sem sá skilningur var vakinn hjá honum, sá hann við þeim og hvers eðlis þeir væru. En þetta munu hafa verið hans fyrri dulrænuferunautar. Sló þá í brýnu með þeim og varð hörð viðureign og mun þó hafa lyktað með sigri Ordníks, sem hratt þessu sambandi frá sér. Fann hann síðan í húsi því sem hann var staddur í, mann nokkurn í dái einhverskonar, en sá hafði gefið kraft til þess að hinir óvelkomnu gestir gætu birzt.

Hlutverk Ordníks er mjög mikilvægt. Hann hefur snúist frá dulrænu til sanninda og flytur með sér mikinn kraft handa hinu góða málefni.

P. G.

## FRÁ STEINUNNI

Steinunn gamla hét sú kona sem bezt hélt fram íslenzkri stefnu á Íslandi á síðasta hluta 10. aldar, og var hún skáldmælt vel.

Nú er uppi önnur Steinunn, íslenzk vel, sem býr vestur í Kanada, og styður þaðan málstað Nýals af fyllsta mætti. Góðhugur hennar er hinn öflugasti þó að hún sé nú á 97. árinu og hefur mér jafnan gefizt vel að fara að ráðum hennar eða láta nafns hennar

getið. Steinunn ástundar sambandsleit, finnur kraft og skrifar þá það sem hún telur vera fyrir tilstilli hinna framliðnu. Steinunn skrifar ( síðara bréf af tveimur ): "Þegar þetta bréf kemur til þín þá verður þú búinn að fá bréf frá mér, sem mun gleðja þig og alla Nýalssinna. Það er vitrun frá Haraldi Níelssyni prófessor, og hann heldur áfram að koma til mín, því hann er í fastasambandi við mig, og vill láta það sem hann segir berast eins víða og mögulegt er. Ég sendi eina þessara vitrana til forseta Íslands og skrifaði honum langt bréf. Ég sagðist treysta honum til að vera þessu málefni til stuðnings - eftir því sem hann sæi bezt henta. Ég hefi heyrt svo margt gott um hann, og að hann hafi allsstaðar komið vel fram, og stutt þau mál sem voru til heilla mannkyni þessarar jarðar."

Njótið lífsins lengi og vel  
látið ekki buga:  
þó að gangið grýttan mel.  
Glaðir verið í huga.

á afmælisdag hennar

Hérna kemur það sem ritaðist hjá Steinunni á afmælisdaginn hennar, 1. apríl 1970.

"Komdu sæl, góða Steinunn! Þá er ég kominn ennþá til þín og óska þér sjálfri gleðilegs afmælis og alls tíma. - Og ennþá er gleði mín hrein og óblandin síðan þú óskaðir mér afmælisgleði þann 30. nóv. 1969 og blessuð vertu fyrir að þú lætur það berast sem ég sagði fyrst. Ég þakka þér líka fyrir að láta ekkert tækifæri ónotað til að útbreiða þann mikla sannleik, sem dr. Helgi Pjeturss flutti samtíð sinni - þó ekki væri skilinn né metinn sem skyldi - nema af þessum fáu fylgjendum og skiljendum hans, sem kalla sig Nýalssinna. - Þakka þér fyrir þann stuðning, sem þú hefur veitt þeim til að byggja þessa stjörnusambandsstöð, sem vonandi á eftir að gera mikið gagn ennþá. Ég gleðst yfir hvað þú gerir mikið gott, hugsar vel til allra, blessuð vertu fyrir það - Svo má ég til að hætta, þó ég vildi halda áfram að setja á blaðið mín áhugamál. Ég veit að þú þarft að hvíla þig eftir allt sem þú ert búin að fara í gegnum, oft erfiða lífsbraut. Þessvegna bind ég enda á mál mitt og segi vertu blessuð og sæl, Þökk fyrir allt gott. Þinn vinur

Haraldur Níelsson"

Önnur orðsending frá H.N. ritaðist 30. nóv. 1969 og önnur þar á milli og eru þær geymdar hjá félaginu ásamt nokkrum öðrum. Við félagar óskum Steinunni góðra lífdaga og máttugs sambands.

P.G.



## NÝ ÚTGÁFA LANDNÁMU.

Merkan bókmenntaviðburð má það kalla að á síðast liðnu ári kom út á vegum Hins íslenska fornritafélags, Íslendingabók og Landnámabók, tölusett I. bindi, í tveimur hlutum. - Dr. Jakob Benediktsson, undirbjó þessa útgáfu. Hefir það verið mikið verk og vandasamt, því að handritin að Landnámu, eru í 5 gerðum mismunandi heilum. Í fróðlegum og ítarlegum formála, greinir frá þessu efni og fleiru varðandi þessi rit. Í meginmáli neðanmáls eru ágætar útskýringar. Menn frá nú í fyrsta sinn fullkomna útgáfu af þessum dýrmætu ritum. Sennilega á engin þjóð slík rit, svo sérstæð eru þau í bókmenntunum. Margir munu hafa beðið með eftirvæntingu eftir þessu bindi. Fornritafélagið hefir nú gefið út 17 bindi. Eru þau vönduð að allri gerð og útgefendum til sóma. En útgáfan hefir gengið allt og seint og miklu seinna en áætlað mun hafa verið í upphafi. Er mikið enn óútkomið af greindum ritum, sem fyrirhugað var að kæmu út í safni þessu. Mörgum hefir þetta orðið vonbrigði, því mikil nauðsyn er á að öll fornrit okkar Íslendinga verði fánleg í vandaðiri og samstæðri útgáfu. - Á margan hátt ber Landnámu einna hæst af fornritunum. Guðbrandur Vigfússon taldi t. a. m. að í sumum greinum "væri meiri skaði fyrir sögu landsins að missi hennar einnar en allra hinna". - Landnám Íslands er ævintýri líkast. - Ýmsir hafa, einkum á síðari tímum, dregið í vafa margt, sem skráð er í þessum fornu ritum. Halda að þar sé um meiri og minni skáldskap að ræða og litla sagnfræði. Þetta virðist vera nú, í nokkuri tízku. Af eðlilegum ástæðum, kemur í ljós, að framkoma í þessum ritum ýmsar missagnir, og eins að hinir miklu sagnameistarar hafa farið frjállega með efnið, svo sem samið samtölin, sem eru í þessum ritum. Þó hygg ég að ýms tilsvör hafi geymst í munnmælum með þeim atburðum, sem sagt er frá og að höfuðmarkmið flestra höfundanna, hafi verið að skrá sanna sögn, í öllum aðalatriðum, eftir því sem hægt var. En hvað sem um þetta er, þá verður það ekki véfengt að landið okkar var numið og byggt á ofanverðri 9. öld, hér út í reginhafi. Fólki og fénaður fluttur á frumstæðum farkosti yfir hið víða ólgandi haf. Stofnað var hér að mörgu fyrirmyndar ríki, með að nokkru nýjum starfsháttum og síðar efnt til mikilla bókmenntaafreka, sem eru sígild. Allt þetta sýnir að hingað hefir flutst fólk af sterkum kynstofni, með rótgróna menningu fram í aldir. Það síðara sannar hið fullkomna og fagra mál, sem við höfum fengið í arf. Hér var því mikið efni í viðburðaríka sögu og því rökrétt niðurstaða um þessi efni hjá dr. Helga Pjeturss, í eftirfarandi: "Aðalsskrá önnur eins og Landnáma er ekki til á jörðu hér".

20. febr. 1970.

Bjarni Bjarnason,  
Brekubæ.



## LÍTIL ATHUGUN.

Orð hefir verið á því haft, hve eftirtektarverð tilsvörun sé á ströndum Atlanzhafsins að austan og vestan, og hefir það komið sumum fræðimönnum til að álykta, að eitt sinn hafi Atlanzhafið ekki verið til. Ályktun þeirra er með öðrum orðum á þá leið, að Ameríka annarsveggar og Evrópa og Afríka hinsveggar hafi eitt sinn verið samfast land, en rofnað svo í tvo hluta, sem síðan hafi æ fjarlægst hvor annan í austur og vestur, og er það vitanlega ekki á mínu færi að dæma um, hvort þetta muni gerzt hafa eða ekki. En þegar ég horfi á landaskipan jarðarinnar eins og hún kemur mér fyrir sjónir á hnattlíkani, þá þykir mér þar koma í ljós annað ekki síður eftirtektarvert en þessi tilsvörun Atlanzhafsstrandanna. En það er, hve vindingur eða sveigja landbálkanna er í aðalatriðum lík á mótum Norður og Suðurameríku annarsveggar og svo Suðausturasíu og Ástralíu Ástralíu hinsveggar. Og þegar svo þess er gætt, að þessi sama sveigja kemur einnig mjög greinilega fram á neðansjávarhrygg Atlantshafsins og þá auðvitað um leið á ströndum þess bæði að austan og vestan, þá þykir mér hún enneftirtektarverðari. Á öllum þessum stöðum er hún á sama veg, frá norðvestri til suðausturs, og í námunda við miðlínu jarðar. Og hvað væri nú það, sem láta mætti sér koma í hug út frá þessu?

Eins og kunnugt er, þá ræður snúningshreyfing jarðarinnar stefnu staðvinda í lofthvolfi hennar, og læt ég mér því koma í hug, að sú hreyfing hennar kunni einnig að hafa sett sinn snúð á suma megin-drætti landskipunar hennar eða hæðahryggja. Er þetta að vísu einungis rakalítill hugdetta hjá mér, en gæti þó brugðið ljósi á nokkuð, sem mörgum kynni að þykja furðulegt. Samkvæmt mörgum framlífsfréttum virðist vera um allmikla landfræðilega tilsvörun að ræða á þessari frumlífsjörð okkar og hinum ýmsu framlífsjörðum. En væri nú svo, sem ætla má, að hjá öðrum jörðum eigi sér stað samskonar snúningshreyfing og hjá þessari, eða hafi verið, þó að síðar kunni hjá sumum þeirra hafa orðið bundinn snúningur eins og hjá tunglinu, og hafi sú hreyfing einnig hjá þeim sett sinn snúð á yfirborð þeirra, þá verður þessi tilsvörun miklu líklegri en annars. Og tilsvörunin er nú einmitt það, sem mér er nú æ betur að verða ljóst, að sé hin mesta nauðsyn allri tilveru.

P. J.

## ER SAMBAND MILLI RAFSEGULSTRAUMA NORÐURLJÓSANNA OG SEGULSVIÐSINS (VIÐ KISTUFELLIÐ Í ESJUNNI) Í STARDAL.

Þegar ég frétti fyrir ca. 2 árum, að segulsvið hefði fundist í landi Stardals með mælingu úr flugvél, þá komu mér í hug bernskuminn-ingar mínar frá barnsárum mínum á Vesturgötu 10. Þaðan blasti við Kistufellið í um það bil í austurátt úr bakgluggum hússins.



Fjaran var upp að hleðslunni sem baklóðin stóð á. Engar hafnar-uppfyllingar. Síðan eru liðin um 60 ár. Þá tók ég eftir því, þegar norðurljósinn sáust fyrst á haustin, að það var eins og þau streymdu beint fram af Kistufellinu, en dreifðust síðan um allan himininn. Einnig á kvöldin á veturna.

Mörgum árum síðar, þá um 16 ára var ég staddur að kvöldlagi inn undir Laugarnesi. Komu þau þá einnig fram af Kistufellinu. Þótti mér það einkennilegt að ég skyldi ekki vera kominn inn fyrir þau þegar ég var búinn að ganga vestan af Vesturgötu.

Slík hefur hæð þeirra verið. Þau eru talin geta náð upp í 800 til 1000 kílómetra hæð og fer það eftir því hve langt sólin er gengin undir hinum megin sjóndeildarhringsins.

Daginn áður en ég fékk Janúarhefi 1970, félagsblaðs okkar Nr. 30, var ég að lesa yfir uppkast að grein um þetta til birtingar í fél.bl. okkar með tilliti til þess að vélrita hana. Daginn eftir barst mér svo þetta nefnda Janúarhefti. Þar er þá sagt frá því að jarðfræðingar hefðu heiðrað minningu Dr. Helga Pjeturss, með því að halda jarðfræðingafund í stjörnusambandsstöðinni.

Þar minntist Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor á segulstefnur í bergi frá ýmsum tímum.

Það er þá þegar farið að minnast á þetta segulmagn í ritinu. Þetta fannst mér mikil frétt, og sjálft það hvernig hún barst mér var einnig undri líkast.

Síðan hefur þetta legið í salti hjá mér, en það breytir engu um athugun mína um norðurljósinn.

Ég varpa því fram þeirri spurningu til lesenda blaðsins og jarðfræðinganna. Er samband milli segulsviðsins í Stardal, sem er við undirhlíðar Kistufellsins, austasta hluta Esjunnar og norðurljósanna? Er þarna málmur í jörðu sem norðurljósinn magna, eða dregur þessi málmur norðurljósinn að sér. Það er eitthvað, en hvað er þetta eitthvað.

Ég kveð ykkur félagar með góðum óskum,

Ólafur Þórðar  
p.t. Reykjalundi.

Þessar athuganir Ólafs Þ. sem hann sendi Þorsteini Jónssyni en ég leyfi mér að gera athugasemdir við, eru allra góðra gjalda verðar, hver svo sem niðurstaðan verður. Samband er talið vera milli segulmagns og norðurljósa, en hvort þau verða fyrir verulegum áhrifum af einstökum segulmagnsblettum kann ég ekki að segja. - Eftirtektarvert er það líka hvernig Ó.Þ. sem unglingur gerir sér of smáar hugmyndir um hæð norðurljósanna, en einmitt þetta að taka eftir því að hinar smáu hugmyndir giltu ekki, varð



til að víkka sjónhringinn, og munu margir geta haft sömu sögu að segja, úr sögu hugsunar sinnar. - Um jarðfræðingafundinn er það annars að segja að aðalefni hans var þessi segulstefnuskipti, sem gefa svo greinilegar bendingar um það hvernig rekja má jarðsöguna. En þar kemur andstaðan gegn öllu sem er verk Helga Pjeturss, hvort sem er í jarðfræði eða öðru, því miður of mikið til greina. Ísaldartímabilið (Kvarter) hefur ekki verið rannsakað að neinu ráði hér út frá hinni nýju aðferð, af því að þá mundi kenning Helga um yngra blágrýtið sannast. Vera má að þessi andstaða fari bráðum að gefa sig. En þá mundi líka fleira koma á eftir.

P.G.

## BJARNI BENEDIKTSSON LÁTINN

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra lézt í eldsvoða á Þingvöllum í júlí sl. sumar eins og alkunnugt er, ásamt konu sinni og dóttursyni og hef ég það sem ég hlýt að ætla góðar heimildir fyrir því að sömu nótt hafi legið við að Valhöll brynni með 200 manns sem þar voru, en bjargast fyrir hendingu. Þessi síðari frétt mun hvergi hafa komið fram opinberlega, en sé hún rétt, væri þar því greinilegri bending um hve geigvænlega stefnir.

Bjarna Benediktssonar er skylt að minnast hér sérstaklega, því að hann lagði fram eigið fé til byggingar stjörnusambandsstöðvar. Leiddi það af samtali sem ég átti við hann vorið 1969, en það samtal átti aðdraganda sinn í því að gamall félagsmaður okkar og stofnandi þess var að segja mér frá "vökulögunum" þ.e. þegar sjómenn fengu rétt sinn til svefns viðurkenndan. Sagði hann að Benedikt Sveinsson hefði þar átt góðan hlut að máli. Úr því að faðirinn var slíkur, að hann skildi svefnþörf manna og hagaði sér eftir því, ályktaði ég að af syninum gæti einnig verið góðs að vænta - og það brást ekki. Bjarni Benediktsson sagðist að vísu ekki vilja gerast félagi Nýalssinna, þar sem hann hefði þá ekki öðlast þá sannfæringu sem til þess þyrfti, - en hann viðurkenndi réttmæti málaleitunar minnar með því að kaupa Nýalana á því verði sem er fullt ævifélagagjald. Ber því að telja hann meðal stuðningsmanna stjörnusambandsstöðvarinnar meðan hún var í byggingu.

Um ævi og störf Bjarna að öðru leyti ræði ég ekki. Var hann umdeildur mjög svo sem verða vill og verða hlýtur um slíka menn á þeirri leið sem farin er. En mjög þótti mér það eftirtektarvert, að jafnvel frá hendi sumra hörðustu andstæðinga hans komu fram minningargreinar sem sómi var að, og bendir þetta til þess að þrátt fyrir allt séu Íslendingar ekki svo djúpt sokknir, að ekki sé björgunar von.

P.G.



## KEFLAVÍKURFUNDURINN

var haldinn með líku sniði og fundurinn í Sigtúni við Austurvöll, sem sagt var frá í maíblaðinu. Tildrög hans voru þau að konur þær í Keflavík, sem einkum standa að Sálarrannsóknarfélagi Suðurnesja, komu á fundinn í Sigtúni og leizt ekki verr á en svo að þær báðu aðila fundarins að koma suðureftir og eiga umræður með líku sniði. Var svo gert og voru ræðumenn af hendi Nýalssinna Sveinbjörn Þorsteinsson, Sigurður Ólafsson og Þorsteinn Guðjónsson, en af hendi Sálarrannsóknamanna Úlfur Ragnarsson, Guðmundur Einarsson og Sveinn Ólafsson. Viðtökur af hendi fundarboðenda voru hinar ákjósanlegustu, og sérstaklega geðfelld kona fannst mér frú Ingibjörg Danivaldsdóttir, sem er formaður félagsins. Ennfremur ber að þakka rausnarlegar veitingar eftir á sem gerðu þessa heimsókn minnisstæða. Hvað sjálfan fundinn snerti þá fannst víst mörgum betur takast í þetta sinn en hið fyrra, af okkar hálfu, en þó fannst mér eitthvað á vanta að fundurinn skildi eftir sig rétt áhrif. En eins og fram var tekið er slíkt á engan hátt að kenna aðstandendum fundarins - sem lögðu sig fram um allar viðtökur.

## DRAUMAR

(Sjá greinina Framlífs sambönd á bls. 3)

Í Færeyjum, Sörvogi, 5/8 1970 kl. 0700, s.l. vetur og þunnt snjólag yfir öllu.

Mér finnst ég vera staddur í stóru félagsheimili þar sem Ísaksskóli er og er á leið heim til mín (Bólstaðarhlíð). Það er dimmt af nóttu og heiður himinn og mér verður litið upp til að horfa á stjörnur. Þá sé ég á norðurhimni (eins og í átt að Snæfellsjökli) nokkuð hátt á lofti fjölda stjarna og mjög skýrt. Ég sé merki, sem ég kannast við og kalla upphátt "nei, þarna er Pollux þetta eru Tvíburarnir, en hvað það er skýrt" en þá sé ég að rétt ofan við neðri bróður er lítil stjarna en skær og ég hugsa með mér að þessa stjörnu hafi ég aldrei séð áður.

x

30° - 45° hátt

## X Pollux

en síðan lít ég að mér finnst lengra til hægri og sé þá (en þetta fannst mér vera e.t.v. önnur sýn) gífurlegan fjölda af smástjörnum, sem tindra mikið og fallega en til hliðar við þennan stjörnu-sveip sé ég tvær stjörnur og er önnur töluvert stærri og skærari en skærustu stjörnur séð frá jörðu en rétt ofan við hana er hin



stjarnan og er hún svo stór að hún er eins og lítið tungl, ég sé greinilega hnattlögunina og auk þess að aðeins vantaði á hana neðst ( hún var hvítleit ) síðan lengra til hægri og aðeins ofar sé ég mikinn stjörnusveip af rauðum stjörnum, margar í sveip og allar rauðar. Teikningar af þeim sveipum eru til.

Svo hrifinn varð ég af sýn þessari að ég sagði í huganum "nú er ekkert sem heitir nú kaupir ég stjörnuvíki" svo flýtti ég mér heim ( það var allt annað hús en Bólstaðarhlíð 3 ) og ætlaði að kíkja á stjörnurnar í smá-kíki sem ég átti en þegar ég hafði fundið kíkin þá vaknaði ég. En rétt áður hugsaði ég e-ð á þá leið að þetta væri nú e-ð að segja þeim Þorsteini og félögum.

N.B. Mér finnst hér greinilega blandast saman eigin meðvitund mín og draumgjafans því hvers vegna skyldi hann undrast þótt hann bæi litla stjörnu ofan við Pollux sem ætti að vera honum alvanaleg sjón nema þá að hann ( draumgjafinn ) hafi fengið samband annað.

Rétt er að taka fram að ég glaðvaknaði af dramnum og skrifaði hann strax niður. En kvöldið áður hafði ég óskað þess einkar heitt að mér auðnaðist að fá vísbendingu um hver væri hin rétta leið í leit minni að sannleikanum um líf eftir dauðann.

Ekki getur samferðafólk mitt hafa verið stillar því að ég var búinn að vera með því samfelld fjóra daga ( hér í Færeyjum ) og ekkert talað við það um þessi mál né nein þeim skyld.

En ég tek það fram að á hverju kvöldi þessi fjögur kvöld hefur mér fundizt vera hugsað til mín og ég hef fundið straum fara um mig, en síðast í gærkveldi 4/8 áður en ég fór að sofa hugsaði ég eins sterkt og ég gat til Þorsteins Guðjónssonar og reyndi að láta hann frá hugskeyti frá mér.

Í Kaupmannahöfn 11/6 1970.

Mig dreymdi nokkuð einkennilega þessa nótt og frekar þrjá en fjóra drauma. Voru þeir á þessa leið:

I. Ég var staddur í herbergi ( kvistherbergi ) og er að reyna að gera ákveðna tilraun, sem er sú að hreyfa til hluti án þess að snerta þá. Konan mín er með mér í herberginu. Ég tek nú fram þrjá hluti. Úrið mitt ( gullúr en slíkt á ég nú ekki í raun ) hring og e-k armband. Ég held á þessum hlutum og hugsa afar stíft um þyngdaraflið, sem ég finn að verkar á þá. Ég hreyfi þá upp og niður og skynja afar vel þyngd þeirra en ekkert gerist, þá tek ég með hinni hendinni í konu mína og þá, allt í einu, kemur yfir mig þessi sérkennilega tilfinning ( mjög svipuð og í svifdraumi ) og ég bókstaflega finn hvernig þyngd hlutanna hverfur. Ég sleppi þeim en held hendinni svona eins og nálægt og yfir þeim og hugsa mér



þá hreyfast. Þeir svífa um herbergið, hratt eða hægt, alveg eins og ég vildi. Ég varð stórhreifinn og ætla að segja við konuna mína "sjáðu, sjáðu" en ég get ekkert sagt því ég finn, að geri ég það þá hverfur mátturinn, þó get ég umlað nokkuð hátt og líka hrist hana til en þá sé ég útundan mér að hún er steinsofandi ???.

Ég hætti og hlutirnir liggja á gólfinu, síðan vek ég konuna og var það erfitt mjög svo fast svaf hún. Við förum nú niður á neðri hæðina og þar fer ég að segja öllum frá þessu en fáir vildu trúa.

ATH: Eitt hugsaði ég sérstaklega um, meðan á þessum draum stóð og það var hvort mig hefði dreymt þetta en komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki, en að meðvitund mín hefði samt verið á einhvern hátt öðruvísi en hún ætti að sér að vera. Það var eins og ég gæti varla skynjað neitt nema hlutina og það sem ég vað að gera við þá, allt annað var óljóst.

II. Við erum að aka ( eins og eftir Lönguhlíðinni í átt að Öskjuhlíð ) og ég er enn sami maðurinn og í fyrri draumnum. Ég sé út um glugga bílsins að skýjað er loft en þó sést vel til stjarna ( þetta var seint um kvöld ). Ég sé þarna mörg stjörnumerki og falleg og eitt er þannig, að margar stjórnur mynda lóðrétta og nokkuð langa þyrpingu af fjólurauðum stjörnum. Eins finnst mér ég þekkja "Sjöstirnið" ( en það var alveg lárétt og sást miklu skýrar en héðan af jörðu ).

ATH: Athyglisvert var í þessum draumi, að ég hafði mikinn áhuga á stjörnunum en samt undraðist ég ( í draumnun ) hve víða gat að líta litbrigði á himinhvolfinu, það var eins og ég væri nýfarinn að hafa áhuga á þeim og hefði aldrei áður hugsað neitt sérstaklega um, hvort litbrigði væru á nátthvolfinu.

Framh. á bls. 16.

Efna-hagsreikningur pr. 31/12 1970

Félag Nýalssinna

Sjóðs-reikningur	426.15	
Banka-reikningur	95.36	
Nýals-reikningur	314.800.19	
Íslensk-stefna	830.00	
Íslendingabyggð	3.250.00	
Álthólsvegur 121	1.911.472.65	
Inneign-félagsmanna		906.600.00
Sparisjóður Reykjavíkur		360.000.00
Höfuðstóll F.N.		132.375.55
" S. st.		831.898.80
	<u>2.230.874.35</u>	<u>2.230.874.35</u>



	Inn.	Út.
Sjóðs-reikningur	1.080.776.30	1.080.776.30
Banka-reikningur	11.631.26	11.535.90
Félags-gjalda-reikningur		59.600.00
" ævifélagar		36.180.00
Gjafa-og áheita-reikningur		35.055.40
Nýals-reikningur	375.390.19	60.590.00
Áhalda-reikningur	6.287.00	6.287.00
Inneign-félagsmanna	100.000.00	1.006.600.00
Sparisjóður Reykjavíkur	40.000.00	400.000.00
Íslenzk stefna	1.220.00	390.00
Ísl. byggð á öh.	5.500.00	2.250.00
Félagsblaðið	24.906.00	135.00
Vaxta-reikningur	19.010.00	
Kostnaðar-reikningur	26.031.60	5.440.00
Húsaleigu-reikningur	19.200.00	
" kostnaður	11.333.50	
Stjornusambandsstöðin	1.131.287.00	
<u>Höfuðstóls-reikningur</u>		<u>147.733,25</u>
	<u>2.852.572,85</u>	<u>2.852.572,85</u>

Reksturs-reikningur pr. 31/12 1969

Stjornusambandsstöðin

	Inn.	Út.
Sjóðs-reikningur	1.142.271.70	1.141.845.55
Banka-reikningur	657.496.58	657.496.58
Gjafa-og áheita-reikningur		164.060.20
Vaxta-reikningur		5.617.42
Félag Nýalssinna: ævifélagsgj. áhöld		51.287.00
" peningar		710.000.00
Álfhólsv. 121. Stjornusambandsstöð	1.911.472.65	
<u>Byggingarsjóður</u>		<u>980.928,18</u>
	<u>3.711.240,93</u>	<u>3.711.240,93</u>

Sig. F. Ólafsson



III. Ég er e-st. og heyri í útvarpi, að e-r er að taka viðtal við mann (líkt og Stefán Jónsson). Mér finnst sá, sem spyr vera þekktur maður en sá, sem spurður er e-r rithöfundur og er hann með afar sjúpa og sérkennilega rödd, sem ég treysti mér til að þekja aftur, ef ég heyri. Spyrjandinn segir "af hverju ætli Helga Péturss hafi gramizt svo mjög gagnrýni ykkar á Nýal?" Hinn svarar e-u óljósu en ég heyri, að hann segir meðal annars e-ð um algerar firrur í því, sem Helgi segir, að gerzt hafi fyrir 1000 árum en bætir svo við, að hann (spyrjandi) skuli ekki vera að grennslast mikið um þetta því það geti haft skaðleg áhrif á feril hans sem þekkts borgara.

IV. Ég er á gangi í hlíf einni og er þar mjög margt fólk saman komið og einkum börn. Börnin eru að leika sér að renna sér niður snarbrattar brekkur og hrjúfar mjög. Ég er alltaf að reyna að grípa til þeirra og skil ekkert í því að þau meiða sig ekkert þótt þau renni sér þannig niður og svo eru þau svo undrafljót alltaf að koma upp aftur.

ATH: Nokkuð merkilegt við þessa drauma var það, að mér fannst ég þrisvar vakna upp af draumi en svaf þó alltaf. Annað var einnig athyglisvert, að þegar ég fór á fætur þá raulaði ég lag nokkurt en þegar ég kveikti á útvarpinu var lagið einmitt þar leikið. Ekki hafði ég heyrt neitt sérstakt áður og var reyndar ekki í neinu söngskapi.

Kjartan N.

Efnisyfirlit:	Bls.
Heimsendir, ljóð - Gautur	2
Vígsla næturinnar, ljóð - F.Hebbel	2
Frumlífssambönd eflast - Þ.G.	3
"Hradlík krinhjú" - Þ.G.	4
Ordník, Burdlík - Þ.G.	5
Frá Steinunni - Þ.G.	6
Ný útgáfa Landnámu - Bjarni Bjarnason	8
Lítil athugun - Þ.J.	9
Er samband milli rafsegulstrauma norður- ljósanna og segulviðsins (við Kistufellið í Esjunni) í Stardal - Ólafur Þórðar	9
Bjarni Benediktsson látinn - Þ.G.	11
Keflavíkurfundurinn	12
Draumar - Kjartan N.	12
Reikningar Félags Nýalssinna - Sig.Ólafsson	14

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950.

Félagsstjórn: Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23, sími 82898 - Sigurður F.Ólafsson, Fálkanum, sími 84670 -

Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, sími 40765 - Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni, sími 30688.

Stjórnusambandsstöðin Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. Alm. félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e. h.